

AUGLÝSING
um tímabundna takmörkun á innflutningi
á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtalið grænmeti, ferskt eða frosið:
Kryddjurtir sem falla undir tollflokka nr. 0709.9009, 0710.8009, 1211.9001, 1211.9002 og 1211.9009.

Baunir sem falla undir tollflokk nr. 0708.

Lauf, svo sem bananalauf og bambuslauf sem fellur undir tollflokka nr. 1401.1000 og 1401.9000.

Rætur sem falla undir tollflokka nr. 0706.9009, 1211.9001 og 1212.9900.

Asparagus sem fellur undir tollflokk nr. 0709.2000 og 0710.8009.

Þrátt fyrir ofangreint skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá faggiltri rannsóknastofu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki *Salmonella* og örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

4. gr.

Ef matvæli sem talin eru upp í 3. gr. eru á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknvottorð frá faggiltri rannsóknastofu um að hún innihaldi ekki *Salmonella* og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu matvælin tekin af markaði.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

Um innflutningseftirlit fer samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer að öðru leyti samkvæmt 30. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1005 með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr. sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi síðar en að þremur mánuðum liðnum.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 22. ágúst 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.